

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 5.6.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson (JV), Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ), Lúðvig Þorfinnsson (LP)

## 2. Dagskrá

---

- 2.1. Verkáætlun verktaka
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- 3.1. GD fór yfir form fundargerða verkfunda, hvernig samþykkt þeirra yrði háttað og að búast mætti við að þær yrðu gerðar opinberar á heimasíðu verkefnisins.
- 3.2. Verktaki lagði fram drög að verkáætlun verksins. Að ósk verkkaupa er áfangi 4 færður fram og er jarðvinna við áfangann nú þegar hafin. Verkkaupi samþykkir framlagða verkáætlun sem kann þó að taka breytingum þegar flæði er komið á framgang og taktur þess betur þekktur. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að verkáætlun endurspegli líklegan framgang enda byggir undirbúningur og framgangur utanaðkomandi aðila á upplýsingum úr verkáætlun.
- 3.3. Jarðvinna við áfanga 4 er langt komin og reiknað með að blástur ljósleiðara og tengingar hefjist í viku 24. Farið var yfir áfangann og vafa atriði afgreidd. GD útbýr tengimyndir skv. niðurstöðu umsókna fyrir tengitunnur í áfanga 4. GD spurði um fyrirkomulag innmælinga og áréttaði mikilvægi þess að þær bærust sem fyrst eftir að jarðvinna á sér stað. Berist þær áður en blástur hefst geta vegalengdir á kerfismynd verið nákvæmari.
- 3.4. Skv. verkáætlun er áfangi 1a næstur á dagskrá og er áætla að jarðvinna við hann hefjist í viku 25. Sá áfangi nær frá tengimiðju á Flúðum um Miðfells-hverfið að Hólakoti.
- 3.5. Ljúka þarf samlestri á umsóknum og í framhaldi ljúka við að kalla eftir niðurstöðu um þátttöku. GD og HK skipta með sér verkum.
- 3.6. HÚ óskaði eftir upplýsingum um frágang enda á rorum og hvar hægt væri að fá endahulsur til að tryggja sem kostur er að vatn og óhreinindi komist ekki inn í röraenda. Reykjafell, Rafdreifing (Jón Smári) og Rönning nefnd í þessu sambandi. HK athuga málið.
- 3.7. LP óskaði eftir að upplýsingar um verkefnið yrðu sendar á netfangið [fjarskipti@trs.is](mailto:fjarskipti@trs.is).
- 3.8. Rætt um að verkfundir yrðu haldnir til að byrja með á um tveggja vikna fresti og oftár ef þurfa þykir.
- 3.9. Fleira ekki rætt.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- 4.1. GD Útbúa tengimyndir fyrir áfanga 4.
- 4.2. GD og HK skipta með sér verkum og safna niðurstöðu um þátttöku.
- 4.3. HK athuga með endahulsur á rör.
- 4.4.